

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi frá og með 1. júlí 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 38, 23. janúar 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0.88%

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1990:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 177 600 á ári (kr. 14 800 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 248 640 á ári (kr. 20 720 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 228 000 á ári (kr. 19 000 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 319 200 á ári (kr. 26 600 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatrygginga bæði lífeyrissjóðs-tekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 50 400 á ári (kr. 4 200 á mánuði, þ.e. kr. 19 000 – 14 800) hjá einstaklingi og kr. 70 560 á ári (kr. 5 880 á mánuði, þ.e. kr. 26 600 – 20 720) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálgrein 19. gr. laga um almannatryggingar eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga nr. 7/1990, sbr. lög nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.